

# Um niðurstöður kynbótamats í maí 2017

**Guðmundur Jóhannesson**  
ábyrgðarmaður í  
nautgriparáækt  
mundi@rml.is



Nú koma fimm ný reynd til notkunar og eru þau fædd 2010 og 2011. Um er að ræða síðasta nautið úr 2010 árgangi og fyrstu fjögur nautin sem koma til notkunar að lokinni afkvæmaprófun úr 2011 árganginum. Þar með hafa verið tekin 12 naut til notkunar úr 2010 árganginum en hann taldi samtals 28 naut.

Í heildina hefur sá nautaárgangur komið vel út og mörg mjög öflug naut að finna meðal þeirra. Má þar nefna Úranus 10081 sem stendur með 118 í heildareinkunn, efstur allra nauta ásamt Bamba 08049. Þá skipa þeir Lúður 10067 og Dropi 10077 fjórða og fimmta sæti allra nauta með 114 í heildareinkunn. Í töflu 1 má sjá þau reyndu naut sem hafa hæstu heildareinkunn eftir keyrslu kynbótamats nú í maí.

Nautin 2011 fá nú sinn fyrsta dóm og því miður er útlitið með þann árgang ekki eins gott og vonir stóðu til. Þó verður öflugri gripur að finna meðal þeirra og má nefna Gými 11007 sem kemur til notkunar sem nauksfaðir og Skalla 11023 sem stendur með 112 í heildareinkunn.

**Tafla 1.**  
Efstu naut miðað við heildareinkunn (reynd naut)

Nafn og númer	Heildareinkunn
Bambi 08049	118
Úranus 10081	118
Koli 06003	117
Dropi 10077	114
Lúður 10067	114
Kambur 06022	112
Skalli 11023	112
Birtingur 05034	112
Úlli 10089	112
Baldi 06010	111
Laufás 08003	111
Dreitill 06001	111

**Mörsugur 10097** er frá Geirakoti í Flóa, sonur Skurðs 02012 og Carmen 449 Áradóttur 04043. Dætur Mörsugs eru góðar afurðakýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru um meðallag en yfirlína er sterk. Malirnar eru fremur grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterk. Jógurgerðin er mjög góð, jógurfesta mikil, jógurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi, lítið um galla í mjóltum og skapið er gott. Mörsugur 10097 er með 106 í heildareinkunn og kemur til notkunar sem kýrfaðir.

**Kunningi 11002** er frá Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum, sonur Flóa 02029 og Götu 377 Stígsdóttur

**NAUT 2017 - Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr sumarið 2017**

Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynb.	Hæð
Blómi 08017*	Náttfari 00035	Sól 082, Heggstöðum, Andakíl Kaðall 94017	109	92	88	101	107	129	98	112	115	128	94	100	115	107	5,4
Strákur 10011*	Pontius 02028	Hvönn 161, Naustum, Eyrarsveit Kaðall 94017	125	97	90	116	106	92	116	94	98	99	116	97	96	107	5,8
Fossdal 10040*	T	Glæðir 02001 Fossa 476, Merkgill, Eyjafirði Hamar 94009	110	91	108	112	89	125	90	98	126	98	92	104	116	109	5,8
Kústur 10061	Gyllir 03007	Litla-Skessa 322, Birtingaholti 4, Hrunam.hr. Tópas 03027	115	108	113	119	93	117	88	100	105	107	102	89	102	110	5,3
Lúður 10067*	Gyllir 03007	Ófeigur 02016 Sólströnd 354, Bessastöðum, Heggstaðanesi Glanni 98026	118	99	125	127	88	103	101	100	109	100	116	102	102	114	5,6
Sólón 10069	Ás 02048	Sólströnd 354, Bessastöðum, Heggstaðanesi Glanni 98026	111	99	111	115	96	84	81	100	96	107	104	89	94	104	5,6
Dropi 10077*	Glæðir 02001	Sletta 349, Fossi, Hrunamannahr. Stígur 97010	107	89	121	115	114	115	104	100	127	99	109	111	111	114	5,8
Neptúnus 10079	Flói 02029	Hegri 03014 Úrður 1229, Hvanneyri, Andakíl Laski 00010	100	111	119	109	108	87	87	102	105	107	108	95	102	105	5,4
Úranus 10081	Síríus 02032	Bót 237, Núpstúni, Hrunamannahreppi Stóðull 05001	140	89	94	131	92	89	135	104	112	99	129	127	110	118	6,1
Bætir 10086*	Síríus 02032	Rán 476, Dæli, Fnjóskadal Hryggur 05008	93	114	107	97	107	91	100	108	106	101	113	125	116	103	5,5
Úlli 10089*	Ófeigur 02016	Carmen 449, Geirakoti, Flóa Ári 04043	116	107	112	119	109	113	118	101	107	98	114	107	97	112	6,2
Mörsugur 10097*	Skurður 02012	Gata 377, Ytri-Skógum, Eyjafjöllum Stígur 97010	106	119	109	109	93	109	92	107	115	104	94	110	104	106	5,5
Kunningi 11002	Flói 02029	Flekka 378, Berustöðum, Ásahreppi Stóðull 05001	113	115	117	118	98	89	107	102	93	110	103	103	103	108	5,7
Gýmir 11007*	Ás 02048	Stytta 606, Litla-Ármóti, Flóa Stóðull 05001	116	104	102	114	102	100	92	101	103	101	100	113	110	109	5,9
Stólpi 11011*	Lykill 02003	Góð 255, Steinnýjarstöðum, Skaga Fontur 98027	111	89	100	110	114	105	94	94	112	106	93	110	102	108	5,6
Skalli 11023*	Gyllir 03007		127	86	92	120	93	108	99	107	113	103	104	121	102	112	5,3

**Skýringar:**  
\* Nauksfaðir - T: Tilkynda naukskálfa - \* Getur gefið mynd afkvæmi  
Kynbótareinkunn = 0,44\*afurðir + 0,08\*mjaltir + 0,08\*frumutala + 0,08\*júgur + 0,08\*ending + 0,08\*spenar + 0,08\*frjósemi + 0,08\*skap  
Afurðir = 0,85\*magn mjólkurpróteins + 0,15\*prótein%






Gýmir 11007.

97010. Dætur Kunningja eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein en eilítið þröng. Jógurgerð er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á jógurfestu, jógurband nokkuð áberandi og júgrin eru tæpast nógu vel borin. Spenar eru vel gerðir og sérlega vel settir. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi, lítið um galla í mjóltum. Kunningi 11002 er með 104 í heildareinkunn og kemur til notkunar sem kýrfaðir.

**Gýmir 11007** er frá Berustöðum í Ásahreppi, sonur Áss 02048 og Flekku 378 Stóðulsdóttur 05001. Dætur Gýmis eru mjólkurlagnar

og efnahlutföll í mjólk eru ofan meðallags. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru fremur litlar og

yfirlína veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð hallandi en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Jógurgerðin



er góð, jógurfesta meðalmikil og júgrin vel borin en jógurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er mjög gott. Gýmir 11007 er með 109 í heildareinkunn og kemur til notkunar sem nauksfaðir.

**Stólpi 11011** er frá Litla-Ármóti í Flóa, sonur Lykils 02003 og Styttu 606 Stílsdóttur 04041. Dætur Stólpa eru mjólkurlagnar kýr með próteinhlutfall í mjólk meðallagi en fituhlutfall undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterkleg en nokkuð þröng. Jógurgerðin er mjög góð, jógurfesta mikil og júgrin mjög vel borin en jógurband lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjóltum þó fyrir komi seinar kýr í mjóltum. Skapið er mjög gott hjá þessum kúm. Stólpi 11011 er með 108 í heildareinkunn og kemur til notkunar sem kýrfaðir.

**Skalli 11023** er frá Steinnýjarstöðum á Skaga, sonur Gylis 03007 og Góðrar 255 Fontsdóttur 98027. Dætur Skalla eru ákaflega mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar og nokkuð hallandi. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Jógurgerðin er mjög góð, jógurfesta mikil og júgrin vel borin en jógurband í meðallagi sterkt. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir, fremur stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er úrvalsgott hjá þessum kúm. Skalli 11023 er með 112 í heildareinkunn og kemur til notkunar sem kýrfaðir að sinni. Heildareinkunn hans gefur þó til kynna að hann kunni að færast í flokk nauksfeðra að fenginni meiri reynslu.

## Naut sem tekin verða úr notkun

Þau naut sem tekin verða úr notkun eða dreifingu eru Keipur 07054, Blámi 07058, Þáttur 08021, Gustur 09003 og Bolti 09021. Sæði úr þessum naut er ýmist uppuríð eða þá að þeir hafa verið lengi í notkun og teljast fullnotaðir.

## Áfram í dreifingu

Áfram verða í dreifingu Blómi

08017, Strákur 10011, Fossdal 10040, Kústur 10061, Lúður 10067, Sólon 10069, Dropi 10077, Neptúnus 10079, Úranus 10081, Bætir 10086 og Úlli 10089. Þessi naut standa öll vel við fyrri dóm og breyttust lítið í mati nú. Það er því óþarfi að fjölyrða um kosti þeirra og galla sem áður hafa verið raktir.

### *Sex nautsfeður*

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða sex talsins. Það eru Strákur 10011, Lúður 10067, Dropi 10077, Úranus 10081, Úlli 10089 og Gýmir 11007. Ekkert þessara nauta er samfeðra sem breikkar notkunargrundvöllinn og hamlar gegn skyldleikarækt eins og kostur er.

### *Notkun óreyndra nauta*

Eins og gjarnan vill verða þegar góð og öflug reynd naut koma til notkunar dvínar áhugi á notkun óreyndra nauta.

Á síðustu mánuðum hefur notkun óreyndra nauta sigið niður á við og er það miður. Kynbótaskipulagið gerir ráð fyrir jafnri notkun reyndra og óreyndra nauta og því hlutfalli er mikilvægt að halda til þess að geta prófað óreyndu nautin með viðunandi hætti auk þess að halda uppi fjölda þeirra. Við verðum líka að hafa í huga að meðal þeirra er að finna bestu valkostina hverju sinni. Miklar erfðaframfarir sýna okkur glögg að með hverri kynslóð aukast gæði gripanna og því ljóst að naut sem fæðast í dag taka þeim eldri fram í flestum ef ekki öllum þáttum. Það er einnig brýnt að notuð séu sem flest ungnaut á hverju og einu búi eða eins mörg og bústærð leyfir. Þetta dreifir áhættunni og gerir afkvæmaprófanir dreifðari og betri.

### *Erfðaframfarir*

Við skulum nú aðeins líta á hvernig gengur í ræktunarstarfinu. Erfðaframfarir eru birtar hér á þremur myndum sem sýna framfarir í nokkrum völdum eiginleikum. Á þeim má glögg sjá gríðarmiklar framfarir í afurðagetu sem og öðrum eiginleikum. Framfarir í júgurgerð hafa einnig verið stórstígar á undanförunum árum og í raun er að sjá framfarir í öllum eiginleikum nema frjósemi. Þar er því miður hægt og bítandi að síga á ógæfuhliðina án þess að um neinar hamfarir sé ræða. Hins vegar eru ákveðnar viðvörunarbjöllur farnar að hringja og tímabært að skoða á hvern hátt er hægt að snúa þessari þróun við. Fagrað hefur um nokkra hrið rætt möguleika á því að styrkja mat á þessum eiginleika.

Eins og staðan er í dag byggir kynbótamat fyrir frjósemi eingöngu á bili milli burða. Þetta þýðir að áreiðanlegt mat kemur mjög seint inn eða ekki fyrr en notkun á viðkomandi nauti hefur verið hætt. Kosturinn við bil á milli burða er hins vegar ótvírætt sá að þetta er einhver best mælanlegi eiginleiki sem völ er á hvað frjósemi varðar. Hins vegar er full ástæða til að skoða aðra þætti í frjósemi og má þar velta upp ýmsum mælikvörðum eins og bili frá burði til síðustu sæðingar eða bili frá fyrstu til síðustu sæðingar svo eitthvað sé nefnt.

Sá galli er á gjöf Njarðar að mælikvarðar sem byggja á sæðingagögnum eru ekki eins áreiðanlegir og bil milli burða. Þetta á ekki síst við hér þar sem notkun heimanauta er allmikil og víðtæk. Í alltof mörgum tilvikum er ekki vitað hvort síðasta sæðing sé raunverulega síðasta sæðing fyrr en það er staðfest með burði. Þarna þarf því að meta kosti og galla hinna mismunandi mælikvarða á frjósemi og skoða vel hversu áreiðanlegir þeir eru áður en endanlegar ákvarðanir um breytingu á mati á frjósemi verða teknar.